



Jóhannes Viðar Bjarnason
Hliði
225 Álfanesi

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	18.10.18
Málalykill	0933
Mál nr.	1806306

Reykjavík 15. október 2018
UST201711-095/E.B.S.
09.07.00

Efni: Áform um áskorun um að láta af áframhaldandi framkvæmdum innan fólkvangsins Hliðs.

Umhverfisstofnun vísar til bréfs, dags. 24. nóvember 2017, þar sem tilkynnt var að stofnunin hefði til athugunar mál varðandi framkvæmdir innan fólkvangsins Hliðs á Álfanesi. Í bréfinu var m.a. gerð grein fyrir því að framkvæmdirnar væru leyfisskyldar. Þá var þeim reglum sem gilda um fólkvanginn gerð skýr skil og útskýrt að stofnunin teldi að framkvæmdirnar brytu í bága við reglur svæðisins sem og að um brot á reglunum fari eftir ákvæðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá var útskýrt að stofnunin geti beitt þvingunarúrræðum náttúruverndarlaga ef brotið er gegn fyrirmælum laganna og var framkvæmdaraðila veittur 7 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum og athugasemdum á framfæri.

Í lok athugasemdafrests hafði framkvæmdaraðili samband við Umhverfisstofnun símleiðis til að reifa sjónarmið sín. Var honum bent á að hann þyrfti að senda stofnuninni skriflegar athugasemdir sem og að sækja um leyfi til stofnunarinnar. Athugasemdir framkvæmdaraðila bárust stofnuninni með tölvupósti hinn 1. desember 2017. Þar segist hann hafa fengið leyfi til að bæta við nokkrum húsum og séu komin 17 gistiherbergi ásamt stækkun á veitingastað. Efni sem stofnunin segi vera á víð og dreif, taki hann á sig, en um sé að ræða efni sem nota eigi í verkið og að það hverfi þegar því lýkur, veiti stofnunin leyfi til að halda áfram. Húsin tvö sem stofnunin nefni í úttekt sinni séu vinnuskúrar; kaffistofa og verkfæraskúr, fyrir iðnaðarmenn sem vinna við uppbygginguna. Framkvæmdaraðili segist viðurkenna fúslega að honum hafi láðst að óska eftir leyfi Umhverfisstofnunar fyrir þessum bráðabirgðarskúrum og að hann hafi ekki skriflegt leyfi. Þá segir að jarðrask sé til komið vegna fornleifauppgröfts fornleifafræðinga á svæðinu en að ekkert hafi fundist og því megi byrja að taka grunn um leið og byggingarleyfi fáiast. Framkvæmdaraðili segist þá ekki vita betur en að rotþró sé innan lóðar á þeim stað sem hún var teiknuð inn á skipulagið og samþykkt af bæjaryfirvöldum en snúrustaura taki hann á sig og taki niður verði þess krafist.

Í kjölfarið boðaði Umhverfisstofnun til fundar með framkvæmdaraðila og skipulagsstjóra sveitarfélagsins. Á fundinn sem haldinn var hinn 23. apríl sl. mættu starfsmenn stofnunarinnar og skipulagsstjóri sveitarfélagsins. Fram kom að framkvæmdaraðili hafði ekki sótt um leyfi fyrir framkvæmdum á svæðinu, hvorki hjá sveitarfélaginu né Umhverfisstofnun.

Hinn 7. september sl. voru landverðir Umhverfisstofnunar á höfuðborgarsvæðinu við eftirlit innan fólkvangsins Hliðs. Í samantekt landvarða kemur eftirfarandi fram:

Unnið var á gröfu til að koma fyrir staur með tilheyrandi jarðraski innan fólkvangsmarkana við sjóvarnargarð sem þar er. Vegna umferðar vinnuvéla um fólkvangin hefur myndast slóði innan hans og er nokkuð rask í kringum slóðann. Hægt

**UMHVERFIS
STOFNUN**

var að rekja framkvæmdirnar til gistihúss sem er staðsett á lóð í miðjum fólkvanginum. Við nánari skoðun á fólkvanginum í eftirlitinu fundust þar ýmsir munir eins og dýrastyttur ofan á sjóvarnargarð í fólkvanginum, snúrustaurar, bátur, ýmsir munir, timbur, gömlu húsi, fiskikör, sandhrúgur, net og fleira sem hægt var að tengja við rekstur gistiheimilisins og framkvæmdir á lóð þess. Þá hefur verið reistur kofi á lóð gistiheimilisins sem nær inn í mörk fólkvangsins en í kringum hann er nýbúið að helluleggja, hlaða grófu kantgrjóti og tyrfa. Ná þær framkvæmdir innfyrr fólkvangsmörkin. Þá hefur jarðvegur og annar byggingarúrgangur verið losaður innan fólkvangsins. Landverðir tilkynntu starfsmönnum framkvæmdaraðila á svæðinu að ekki hefði verið sótt um leyfi fyrir framkvæmdunum til Umhverfisstofnunar.

Við frekara eftirlit landvarða þann 26. september sl. kom í ljós að framkvæmdum hefur verið haldið áfram. Búið er að skerða gróður á stóru svæði með akstri vinnuvéla auk þess sem þarna er komin greinilegur vegslóði inni í fólkvanginum. Innan fólkvangsins hefur einnig verið komið fyrir frekari mannvirkjum eins og kamínu og grjóthleðslum auk þess sem mól hefur verið borin í hluta svæðisins og torflagt yfir hluta svæðisins.

Framkvæmdaraðili hefur enn ekki sótt um leyfi fyrir framkvæmdum innan fólkvangsins.

Áform um áskorun

Í 1. mgr. 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er kveðið á um að Umhverfisstofnun geti beint áskorun til aðila um að láta af ólögumætri athöfn eða athafnaleysi ef brotið er gegn fyrirmælum laganna eða stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun áformar að setja fram áskorun á framkvæmdaraðila að láta af áframhaldandi framkvæmdum innan fólkvangsins, sbr. 1. mgr. 87. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun telur rétt að benda á að komi til áskorunar stofnunarinnar skv. 1. mgr. 87. gr. nvl. og henni ekki sinnt þá er stofnuninni m.a. heimilt á grundvelli 3. mgr. 87. gr. að ákveða dagsektir, allt að kr. 500.000, þar til úr er bætt. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega. Eins er stofnuninni heimilt, skv. 2. mgr. 88. gr. laganna, að stöðva framkvæmdir og athafnir sem brjóta gegn lögunum ef áskorun skv. 1. mgr. 87. gr. er ekki sinnt.

Andmælafrestur

Stofnunin veitir hér með framkvæmdaraðila frest til **kl. 10:00 árdegis, miðvikudaginn 17. október nk.** til þess að koma á framfæri andmælum við áformaðri áskorun stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
sviðsstjóri

Eva B. Sólán Hannesdóttir

Eva B. Sólán Hannesdóttir
lögfræðingur

Afrit: Bæjarstjórn Garðabæjar